

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 263/2000

M
og
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar T.

**Umferðaróhapp þegar bifreið ók á malbikshrógu við Sjómannaskólann í Rvk.
þ. 5. 9. 2000.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.10.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1033/2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 5.9.2000. ásamt ljósmyndum.
4. Bréf Vátryggingafélagsins X dags. 25.9.2000 og 30.10.2000.
5. Bréf frá starfsmanni Reykjavíkurborgar dags. 12.9.2000.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni austur Háaleitisbraut í Reykjavík og beygði til vinstri áleiðis að Sjómannaskólanum og ók þá á malbikshaug sem var í aðkeyrslunni og segist M ekki hafa tekið eftir haugnum þarna á veginum. Starfsmaður Reykjavíkurborgar segir í bréfi að malbikshrógan hafi verið þarna eftir verktaka á vegum borgarinnar og hafi hann ekki leyfi til að skilja eftir sig efnisafganga.. V hafnar bótaábyrgð á þeim forsendum, að tjónið verði fyrst og fremst rakið til eigin sakar M þar sem malbikshrógan hafi verið auðsjáanleg og í beinni sjónlínu ökumanns í þessu tilviki og birtuskilyrði ekki verið óhagstæð. M segist hafa ekið á um 20 km. hraða í umrætt sinn.

Álit.

Fram kemur í bréfi Reykjavíkurborgar, að verktakanum T hafi ekki verið heimilt að skilja eftir efnisafganga á götunni svo sem hann gerði. Almennt eiga ökumenn að geta gert ráð fyrir því að götur séu auðar og hindrunarlausar, en verða þó að gæta fullrar varúðar vegna þess, sem kann að koma upp á og þeirrar varúðar virðist M ekki hafa gætt sem skyldi í umrætt sinn og ber hann því nokkra sök á óhappinu. T viðhefur ekki varúðarreglur sem krefjast verður af verktökum við aðstæður sem þessar þ.e. að fjarlægja efnisúrganga af akvegum eða þá ef það er ekki gert að merkja þá staði þar sem eftir er að ganga frá akvegum með fullnægjandi hætti, en það gerði T ekki í þessu tilviki og ber því bótaábyrgð gagnvart M í þessu tilviki, sem bætist úr ábyrgðartryggingu hans hjá V. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt að M beri 1/3 sakar og vátryggingin bæti 2/3.

Niðurstaða.

M ber tjón sitt sjálfur að 1/ 3 en 2/3 tjónsins bætist úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík. 14.11.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.